

Fundargerð

Fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í

Þjórsárdal

Fjarfundur haldinn á Teams 20. febrúar 2023

Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Daníel Jónsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Haraldur Þór Jónsson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Gunnar, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar
- ✓ Lovísa Ásbjörnsdóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands

Dagskrá:

- Lokayfirferð á kortagerð fyrir svæðið
- Telur hópurinn þörf á að hafa opinn kynningarfund vegna kynningar á stjórnunar- og verndaráætlun.

Fundarefni:

1. Klárurum að fara yfir kortin áður en áætlunin fer í 6 vikna kynningarferli

Athugasemdir við vinnukort

Bergstaðir – eru í brekkunni við árgilið, þarna liggur leiðin mjög nálægt gilinu, þó leiðin verði um þetta svæði, þá verður hún aðlöguð til þess að hlýfa menningarminjum.

Vinnugagn – að sjá svart á hvítu hvaða leiðir væru til staðar og hvaða leiðir væru nýjar leiðir – Nánast allar leiðir eru teiknaðar í slóða, aðallega við Rauðukamba sem eru nýjar leiðir. Fyrir norðan hótelið eru að mestu nýjar leiðir, en út frá því að hafa skoðað hvernig landið liggur og sjá hallann og annað þá eru leiðirnar sem við erum komin með hér, alveg ásættanlegar.

Leiðin fyrir norðan Gjáanna er alveg ný líka.

Leiðin framhjá steinastöðum þar sem er bannað að hjóla, það er akvegur hinum megin frá, þarna er braut upp að steinastaðarústum, mætti breita brautinni og setja hana aðeins sunnar, þar sem það er akvegur þarna og búið að planta í þetta þá sér Hreinn ekki ástæðu til að banna hjól.

Gervígígar sem eru sérstakir – út frá verndarsjónarmiðum,

Hreinn er að tala um veg – opinn veg

Frekar að hafa þetta niður á veg og hafa hringleið –

Girðingin liggur – riðið niður með vegi og farið svo norðvestur meðfram girðingunni meðfram Rauða, akstursleið notuð í girðingavinnu

Lovísa (NÍ) – hún gerði athugasemd við gönguleið upp með fossánni, er það ný leið? Hún kannaðist ekki við hana, nú eru komnar gönguleiðir sitthvorum megin, hún telur þetta ekki nauðsynlegt fyrst það er gönguleið þarna fyrir ofan, erfitt svæði. Hreinn – það er eldgömul leið – þarf að vera merkt – er merkt

krefjand og ekki heimilt að fara á hjóli þarna – Lovísa – líka þessi landslagsupplifun – að ganga austan með, ef það fer að verða vinsæl leið þarna uppeftir þá fer þetta að skemma fyrir þeim sem ganga austan við fossana. Mikilvægt að stika hana vel – hún er ógreinileg eins og hún er.

Ekkert nýtt þegar kemur að reiðleiðum.

Var verið að taka í gegn gönguleiðir í Gjánni.

Fundarmenn sammála um að þekki kort fari í kynningarferli, með fyrirvara um að þær verði skoðaðar nánar í sumar og útfærðar með tilliti til verndarmarkmiðum hins friðlýsta svæðis.

Næstu skref:

Áætlun sett í 6 vikna kynningarferli ef ekki sé talin þörf á opnum kynningarfundum áður.